

Deild fyrir skreiðarafurðir.

T e k j u r :

Eignir 1. jan. 1976:

Innstæða á hlr. 35284, í Seðlab. Ísl.	kr.	0
Innborgaðar verðhækkunatekjur af skreið, framl. 1976	—	41 676 588
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	611 082
Vaxtatekjur	—	735 574
	Kr.	43 023 244

G j ö l d :

Stjórnarlaun	kr.	131 200
Auglýsingakostnaður	—	8 640
Eignir 31. des. 1976:		
Innstæða á hlr. 35284	—	42 883 404
	Kr.	43 023 244

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins,

Reykjavík, 7. desember 1977.

Davíð Ólafsson, formaður.

Framanritaða efnahags- og rekstursreikninga höfum við endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins, og eru þeir í samræmi við þær.

Egill Símonarson. Gunnlaugur Arnórsson.

Nr. 433.

9. desember 1977.

R E G L U G E R Ð

um félagsstörf og félagsmálafræðslu í grunnskóla.

1. gr.

Í öllum skólum á grunnskólastigi skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans, eftir því sem aðstæður leyfa, sbr. 43. gr. grunnskólalaga.

2. gr.

Með þátttöku í félagsstörfum og félagsmálafræðslu er að því stefnt að nemendur öðlist félagslegan þroska og verði hæfari til að lifa og starfa í lýðræðisþjóðfélagi. Leitast skal við að þjálfa nemendur svo að þeir geti með eðlilegum hætti tjáð skoðanir sínar og unnið í samstarfi við aðra að þroskandi viðfangsefnum í tómstundum. Í hinni almennu kennslu skal því leggja áherslu á vinnubrögð er þjálfa nemendur í að tjá sig í áheyrn annarra og jafnframt að þau vinnubrögð efli með nemendum skilning á mannlegum samskiptum.

3. gr.

Með félagsstörfum er í reglugerð þessari átt við frjálsa starfsemi, sem fram fer utan daglegs/vikulegs kennslutíma á vegum grunnskóla eða nemendafélags og tekur m. a. til þeirra starfsþátta sem hér greinir:

- a) almennt starf nemendafélaga.
- b) samkomur, svo og dansleikir, árshátíðir, jólaskemmtanir, kvöldvökur, málfundir, bekkjarkvöld, „opið hús“.
- c) leiklistarstarfsemi, þ. m. t. brúðuleikhús.
- d) skák, félagsvist o. fl.
- e) íþróttir og útvist, svo sem skíða-, skauta- og gönguferðir.
- f) hljómlistarstarfsemi.
- g) ýmis önnur tómstundarstörf svo sem leðurvinna, leirmótun, bast- og tágvinna, smelti, hornavinna, „módelsmíði“ og einnig ljósmyndun og „radiovinna“.

4. gr.

Við gerð aðalnámskrár, sbr. 42. gr. laga um grunnskóla, svo og við gerð viðmiðunarstundarskrár þeirrar er menntamálaráðuneytið gefur út ár hvert vegna kennslu á grunnskólastigi, skal í samræmi við d) lið 42. gr. gert ráð fyrir að 12 ára nemendum (6 bekk) sé á vettvangi samfélagsfræði m. a. gerð grein fyrir félagi í almennum skilningi, stofnun þess, stjórn og starfi, svo og ábyrgð og skyldum félagsmanna. Til þessarar kennslu skal verja sem næst 15—18 kennslustundum á skólaárinu á hverja bekkjardeild.

Heimilt er að félagsstörf, þar með talin félagsleg leiðbeinendastörf, verði höfð sem valgrein í grunnskóla í samræmi við nánari ákvæði um valgreinar á grunnskólastigi, sem menntamálaráðuneytið setur.

5. gr.

Heimilt er skólastjóra að fela einum eða fleiri kennurum að annast sérstaklega tómstunda- og félagsstörf með nemendum sbr. 43. gr. grunnskólalaga.

Þá getur sveitarstjórn ráðið aðra leiðbeinendur við tómstunda- og félagsstörf nemenda sbr. 34. gr. laganna, enda séu þeir að mati skólastjóra hæfir til starfsins.

6. gr.

Vegna starfa að umsjón og leiðbeiningum við skipulagt félagslíf nemenda á daglegum skólatíma eða utan hans, sbr. 43. gr. greiðir ríkissjóður að hámarki á kennsluviku í hverju skólahverfi fjárhæð er miðast við:

- a) 5 klukkustundir, og að auki 3,7 klukkustundir fyrir hverja 100 nemendur í skólahverfinu séu þeir samtals færri en 700.
- b) 4,4 klukkustundir á hverja 100 nemendur séu þeir samtals 700 eða fleiri. Fyrir brot úr hundraði greiðist sambærilegt hlutfall af 4,4 klst.

Sé kennara í föstu starfi, settum eða skipuðum, falin störf samkvæmt ákvæðum fyrrnefndra greina, lækkar við það kennsluskylda hans, sbr. reglugerð nr. 213/1973, um rekstrarkostnað grunnskóla.

Ekki er heimilt að nota fé það, sem hér um ræðir, til greiðslu á yfirvinnu skólastjóra, kennara eða annarra fastráðinna starfsmanna nema sérstaklega standi á og til komi samþykki fræðslustjóra, sbr. fyrrgreinda reglugerð um rekstrarkostnað grunnskóla.

7. gr.

Skólastjórar grunnskóla skulu árlega gera fræðslustjóra grein fyrir hversu varið var tómstunda- og félagsstarfi í skóla þeirra á næstliðnu skólaári, og eru greinargerðir þessar forsenda þess, að viðkomandi skóli fái fjárveitingar til þessa starfsbáttar á næsta skólaári.

Sveitarstjórn getur, ef hún æskir, fengið afrit umræddra greinagerða hjá fræðslustjóra.

8. gr.

Gera skal í skólahúsnæði ráð fyrir aðstöðu til almennrar félagsstarfsemi í þágu nemenda, sbr. 25. gr grunnskólalaga.

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, skulu vera í höndum skólanefndar og skólastjóra, sem fara að því leyti með umboð sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytisins.

Heimilt er sveitarstjórn að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt að hvorki brjóti í bága við skólalag, né aðra notkun skólahúsnæðis samkvæmt lögum, sbr. 29. gr. grunnskólalaga.

Ákveði sveitarstjórn að nota heimild þá er að framan greinir, skal henni einnig heimilt í samráði við menntamálaráðuneytið að skipa nefnd er hafi með höndum umsjón og umráð skólamannvirkjanna í þessu skyni.

Skulu í þeirri nefnd eiga sæti skólastjóri, eða fulltrúi hans og fulltrúi viðkomandi sveitarstjórnar ásamt tveimur fulltrúum sem skipaðir skulu að fengnum tillögum þeirra aðila utan skólans er nýta mannvirkin. Skólastjóri eða fulltrúi hans er formaður nefndarinnar.

Notandi skólahúsnæðis ber ábyrgð á skemmdum er verða kunna á húsnæði eða áhöldum skólans við umsamda notkun.

Ríki ágreiningur um notkun skólahúsnæðis til félagslegra starfa, skal vísa honum til úrskurðar sveitarstjórnar og fræðslustjóra viðkomandi umdæmis og skulu þessir aðilar leitast við að ná samkomulagi um lausn málsins. Takist það ekki sker menntamálaráðuneytið úr.

9. gr.

Óski sveitarfélag, að gert sé ráð fyrir aðstöðu til félagsstarfsemi eða annars slíks í þágu íbúa byggðarlagsins í skólahúsi eða í tengslum við það, skal það heimilt, enda liggi fyrir umsögn skólanefndar og samþykki menntamálaráðuneytisins. Skal þá einnig setja sérstakar reglur um rekstur húsnæðisins og afnot. Öðlast þær gildi þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Varðandi slíkar byggingar greiðir sveitarfélag stofnkostnað að því leyti, sem lög og reglugerðir ákveða ekki annað, sbr. 24. gr. grunnskólalaga.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 77. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, öðlast þegar gildi og koma ákvæði hennar til framkvæmda með eftirgreindum hætti:

- a) Ákvæði 4. gr., að því er tekur til 12 ára nemenda, er heimilt að framkvæma á skólaárinu 1978/79, en koma að fullu til framkvæmda frá upphafi skólaárs 1979/80.
- b) Ákvæði 6. gr., a-b liða, koma til framkvæmda með þeim hætti sem segir í 14. gr. reglugerðar nr. 213/1975 um reksturskostnað grunnskóla.

Að öðru leyti koma ákvæði reglugerðar þessarar til framkvæmda frá og með skólaárinu 1977/78 þar sem því verður við komið, en að fullu frá og með upphafi skólaárs 1978/79.

Menntamálaráðuneytið, 9. desember 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.